

Heimilisfræði 2-3. bekkur

Kennari: Edit Ujhelyi

Almennt um kennsluna Kennslustundafjöldi er 2 kennslustundir aðra hverja viku.

Námsaðlögun: Í öllum tilvikum þar sem nemendur eru með sértæka námsörðugleika er sett upp einstaklingsnámskrá. Ef um vægari frávík er að ræða er kappkostað að leggja nemendum til bjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir, s.s. að nýta upplýsingatækni í meira mæli og val á námsefni / námsgögnum þjóni sem best einstaklingsmiðuðu námi.

Hæfniviðmið:

Hæfniviðmið fyrir heimilisfræði eru sett fram í fjórum flokkum.

Matur og lífshættir

- *Geti tjáð sig um heilbrigða lífshætti*
- *Valið hollan mat og útskýrt hvað hann gerir fyrir líkama og líðan*
- *Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif*

Matur og vinnubrögð

- *Útbúið með aðstoð einfalda og holla máltíð*
- *Farið eftir einföldum uppskriftum*
- *sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi,*

Matur og umhverfi

- *Skilið einfaldar umbúðamerkingar*
- *Sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni,*

Matur og menning

- *Tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat.*

Skipulag kennslunnar

Kennsluaðferðir: hópavinna, innlagnir, verklegar æfingar.

Námsgögn: Heimilisfræði 2, efni af veraldarvef, uppskriftir frá kennara.

Námsmat

Námsmatið byggir á leiðsagnarmati og símati á vinnubrögðum, frumkvæði, framförum og ástundun. Gefin er umsögn að vori.

Kennsluskipulag: með fyrirvara um breytingar.